Sþ. **694. Þingsályktun**

um sérstakan frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fyrningar fiskiskipa o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 16. des.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að framkvæma reglugerð nr. 219 21. des. 1939, um fyrningu, á þann hátt, að frá skattskyldum tekjum eigenda fiskiskipa og véla í fiskiskip, fasteigna og véla í sambandi við fiskveiðar og fiskiðnað, mjólkurvinnslustöðva, sláturhúsa, kjötfrystihúsa og ullarverksmiðja, ef þeir hafa eignazt þessi verðmæti með styrjaldarverði, dragist auk venjulegrar fyrningar sérstakt fyrningargjald, með það fyrir augum, að slíkar eignir geti komizt svo fljótt sem tök eru á í eðlilegt verð.